

XXIV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga  
29.9. – 1.10. 2010 á Akureyri

Björk Vilhelmsdóttir

# ENDURSKOÐUN SVEITARSTJÓRNARLAGA



# Skipan starfshóps og markmið

- Vinna hófst í janúar 2010
- Starfshópur:
  - Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Þór Gunnarsson, Björk Vilhelmsdóttir og Guðjón Bragason
  - Verkefnisstjóri: Trausti Fannar Valsson
  - Starfsmaður: Hjördís Stefánsdóttir
- Í rauninni allt undir skv. erindisbréfi
  - Falið að meta efni laganna og uppbyggingu og skoða hvers konar ný ákvæði myndu koma til álita til þess að lögin taki á þeim álitaefnum sem þörf er á.



# Forsendur starfshópsins

- Skýrari rammi um starfsemi sveitarfélaganna
  - Lögin eru óljós eða ófullkomin á ýmsum sviðum.
  - Álitamál rísa of oft um skýringu laganna
- Engar grundvallarbreytingar á sveitarstjórnarstiginu, s.s. um fjölda sveitarfélaga:
  - Sérstök ráðherraskipuð nefnd fjallar um sameiningu sveitarfélaga og frumvarpsdrögin eru hlutlaus um aðferðir við sameiningu
  - Þó lagt til að 50 íbúa lágmarkið falli brott, enda tímaskekkja
- Opnað á tilraunir með stjórnskipulag í 140. gr



# Almenn ákvæði um sveitarfélögin

- Nýtt markmiðsákvæði (3. gr.)
  - Sjálfstæð og sjálfbær sveitarfélög ...sem geti sjálf borið ábyrgð á framkvæmd verkefna sem þeim er falið að sinna.
  - Gert ráð fyrir samvinnu um rækslu verkefna sem þau geta ekki sinnt.
- Staðarmörk (4. gr.)
  - Markist af útmerkjum fasteigna, þ.m.t. þjóðlenda, sem innan þeirra liggja
- Almennar skyldur sveitarfélaga (7. gr.)
  - Ráðuneytið gefi út lista yfir lögmælt verkefni
  - Brott falli ákvæði um setningu viðmiða um arð



# Sjálfstjórn sveitarfélaga

- Sjálfstjórn sveitarfélaga er rík og á að vera það áfram:
  - vísað er til Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga (3. gr.)
  - nýtt ákvæði um að ráðherra skuli standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga og sjálfstjórn þeirra (94. gr.)
- Breytingar á fjármálakafla munu þó verða íþyngjandi fyrir mörg sveitarfélög.
  - Sama gildir um aukið eftirlit með sveitarfélögum og ný viðurlög sbr. 118.-121. gr.



# Kaflar sem breytast mikið

- Takast þarf á við nokkra ágalla á lögunum og ágalla í framkvæmd sveitarstjórnarmála
  - Meiri formfesta verði í samstarfi sveitarfélaga og gerð þjónustusamninga bæði við önnur sveitarfélög og einkaaðila (X. kafli)
  - Ítarlegri ákvæði um samráð við íbúa (XIII. kafli)
  - Skýrari reglur um stjórnsýslueftirlit ráðuneytisins og málskotsrétt (XI. kafli)
    - Ný úrræði, s.s. ógilding samninga sem fara í bága við lög ( 116. og 117. gr)



# Ýmsar lýðræðistillögur

- Fjölgun í sveitarstjórnnum? (11. gr.)
- Siðareglur - heimildarákvæði (29. gr.)
- Vernd gegn uppsögn og réttur til fjarveru úr starfi til að mæta á fundi (33.gr.)
- Nefndakjör – kynjakvóti í samræmi við jafnréttislög (44.-45. gr.)
- Áheyrnarfulltrúar í fastanefndir (50. gr.)
- Aðkoma og gagnsæi v. þjónustusamninga (105. gr.)
- Sérreglur um stjórnskipulag (140. gr.)



# Samráð í íbúa

- Í grein 132 eru ný ákvæði um þátttöku og áhrif íbúa sem má m.a. tryggja:
  - 1. með borgarafundum,
  - 2. með íbúapingum,
  - 3. með íbúakosningum,
  - 4. með skipun íbúa- og notendaráða,
  - 5. með upplýsingagjöf og samráði við íbúana,
  - 6. með því að skipuleggja stjórnarsýsluna eftir staðbundnum forsendum,
  - 7. með samstarfi eða annarri aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum sveitarfélagsins.



# Samvinna sveitarfélaga

- Lagðar til skýrari reglur um form samvinnu þegar um framsal stjórnsýsluvalds er að ræða. Valið verði þá um tvenns konar samstarfsform (102. gr)
  - Byggðasamlög (103. og 104. gr.)
    - Auðveldari úrganga úr byggðasamlagi (104. gr.)
  - Sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög. Samningar um slíkt fyrirkomulag þurfa að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði (105. gr.)
    - Mikilvægt nýmæli í lögunum. Tryggð lýðræðisleg aðkoma þess sveitarfélags sem felur öðrum verkefni.



# Samningar við einkaaðila

- Nýmæli að fjallað er um heimildir sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila, um rækslu þjónustu eða önnur verkefni, sbr. 109. gr.
  - Tillagan tekur að ýmsu leyti mið af sambærilegri heimild stjórnvalda ríkisins, sbr. 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997.
  - Tillagan er þó skýrari, m.a. um þær skyldur sem færast yfir á einkaaðila, m.a. til að gæta að réttindum þjónustuþeganna og almennra stjórnsýslureglna



# Næstu skref

- Nefndin mun funda 4. október
- Farið verður yfir athugasemdir stjórnar sambandsins og landsþingsfulltrúa
  - Umræður og athugasemdir í hópi 1
  - Áfram hægt að senda ábendingar til:  
gudjon.bragason@samband.is
- Áhersla lögð á sem víðtækast samráð og kynningu
- Málið er yfirgripsmikið og verður ekki afgreitt án vandaðrar umræðu á Alþingi og í samfélaginu
  - Frumvarp vonandi tilbúið í október en óljóst um gildistöku nýrra laga

